




# EVROÐUMÁL OG SVEITARFÉLÖGIN

SKIPTIR ÞAÐ OKKUR MÁLI HVAD GERIST Á VETTvangi EES?



# EFNISYFIRLIT

## SVEITARSTJÓRNARSTIGIÐ OG EES

EES-löggjöf sem innleidd er í íslenskan rétt leggur skyldur á herðar sveitarfélögum á fjölda sviða. Áætlað er að ríflega helmingur mála á dagskrá sveitarstjórna sé EES-tengdur og að það komi í hlut sveitarfélaga að ýta allt að 70% löggjafar ESB í framkvæmd.

01



## HAGSMUNAGÆSLA Í EES-SAMSTARFINU

Þróun á vettvangi ESB hefur mikil áhrif á íslensk sveitarfélög og því er mikilvægt að fylgjast vel með og stunda virka hagsmunagæslu í EES-samstarfinu.

02

## ESB, EES OG ÍSLAND

Í EES-samningnum felast ekki aðeins frjáls viðskipti og sameiginleg réttindi heldur einnig reglur á fleiri sviðum sem ætlað er að tryggja samkeppni. Stór hluti þessara reglna hefur áhrif á sveitarfélög og því er gagnlegt að þekkja til EES-samstarfsins.

03



## EVROPUSAMSTARF

Í gegnum EES-samninginn öðlast sveitarfélög aðgang að flestum samstarfsáætlunum ESB. Íslensk sveitarfélög hafa einkum verið virk í mennta- og menningaráætlunum sambandsins og rannsókn- og nýsköpunaráætluninni en sóknarfæri eru í fleiri áætlunum.

04

## ORÐSKÝRINGAR GAGNLEGAR VEF SíÐUR

05



# EVROÞUMÁLERU OKKAR MÁL

## SVEITARFÉLÖGIN OG EES

Íslenska ríkið á aðild að yfirþjóðlegu samstarfi í gegnum EES-samninginn sem hefur víðtæk áhrif á starfsemi sveitarfélaga.

Evrópsk löggjöf, sem innleidd er í íslenskan rétt á grundvelli samningsins, leggur skyldur á herðar sveitarfélögum á ýmsum sviðum, svo sem á sviði umhverfis- og orkumála, vegna stöðu þeirra sem vinnuveitenda og veitenda opinberrar þjónustu, vegna innkaupa sveitarfélaga, ríkisaðstoðarmála og fyrirtækjareksturs þeirra.

Áætlað er að reglur ESB hafi áhrif á ríflega helming viðfangsefna sveitarfélaga en allt að 70% löggjafar ESB er á sviðum sem varða sveitafélög og það kemur í þeirra hlut að koma reglunum í framkvæmd.

EES-samningurinn tryggir einnig aðgang að fjölda evrópskra samstarfsáætlana sem geyma áhugaverð tækifæri fyrir sveitarfélög.

50% MÁLA Á DAGSKRÁ  
EES-TENGD

70% ESB LÖGGJAFAR  
SNERTIR  
SVEITARFÉLÖG

>50 EVRÓPSKIR  
SJÓÐIR



**VEITUR  
ORKUMÁL  
SAMGÖNGUR UMHVERFIÐ  
MENNTAMÁL  
ALMANNAÞJÓNUSTA  
INNKAUPAMÁL  
EFTIRLIT...**



# ÁHRIF Á FLEST SVIÐ

## KJARA- OG STARFSMANNAMÁL


Sveitarfélögin gegna þýðingarmiklu hlutverki sem vinnuveitendur og eru íslensk sveitarfélög sem heild stærsti vinnuveitandi á landinu. Um 60% af skatttekjum sveitarfélaganna fara í að greiða laun starfsmanna og launatengd gjöld.

Á grundvelli EES-samningsins hafa fjölmargar reglur á sviði vinnu- og félagsmála verið lögfestar og/eða teknar upp í kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins hér landi. Þessar reglur eru í formi tilskipana og fjalla að stærstum hluta um skyldur atvinnurekanda og starfsmanna þeirra á sviði vinnuverndarmála. Markmið um kynjajafnrétti á vinnumarkaði er einnig efni margra tilskipana sem og almenn réttindi launafólks s.s. um rétt þess til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum.

Reglur á sviði vinnu- og félagsmála eru í stöðugri þróun á vettvangi ESB. Eitt stærsta viðfangsefnið, sem tekið var upp í EES-samninginn, er vinnutímatilskipun ESB en hún tryggir öllu launafólki lágmarkshvildartíma. Unnið er að breytingum á tilskipuninni en hvað sveitarfélög varðar snertir hún helst vaktavinnufólk, s.s. starfsmenn slökkviliða, hafnarstarfsmenn og starfsfólk félagsþjónustu, ekki síst þeirra sem starfa að þjónustu við fatlað fólk og aldraða. ESB hefur einnig kynnt breytingar á reglum um fæðingar-, foreldra- og sk. umönnunarorlof, á reglum um útsenda starfsmenn og um upplýsingamiðlun og samráð við starfsfólk. Jafnframt vinnur framkvæmdastjórn ESB að reglum um vernd fyrir uppljóstrara.

Breytingar á þessum sviðum gætu haft áhrif á starfsemi sveitarfélaga og því fylgist sérfræðingateymi CEMR með framvindu mála og kemur sjónarmiðum sveitarfélaga á framfæri við stofnanir ESB til að tryggja að breytingum fylgi ekki óþarfa stjórnsýslubyrðar og nálægðarreglan og hagsmunir sveitarfélaga sem vinnuveitenda séu í heiðri höfð.

Ráðgjafarnefnd EFTA, þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga á áheyrnaraðild, fjallar einnig um löggjöf og stefnumótun ESB á sviði félags- og vinnumála, auk samráðsnefndar aðila vinnumarkaðarins fyrir stað- og svæðisbundin stjórnvöld (e. European Sectoral Social Dialogue Committee for Local and Regional Government), þar sem sambandið á einnig sæti.





## PERSÓNUVERNDARMÁL

Persónuverndarregluverk ESB kemur til framkvæmda á Íslandi á grundvelli EES-samningsins. Gildistaka nýrrar reglugerðar ESB um persónuvernd hefur líklega ekki farið fram hjá neinum en hagsmunasamtök sveitarfélaga beittu sér ötullega í lagasetningarvinnunni til að tryggja sem mest svigrúm fyrir opinbera aðila og undanþágur.

Íslensk sveitarfélög fara með mikið af viðkvæmum persónuupplýsingum sem hluta af lögbundinni þjónustu, m.a. við rekstur grunnskóla, leikskóla, félagsþjónustu, öldrunarþjónustu, leyfisveitingar, starfsmannahald o.fl. Sveitarfélög bera ábyrgð á meðferð allra þessara upplýsinga og að farið sé að lögum um persónuvernd. Ný persónuverndarlöggjöf leggur ríkari kröfur á sveitarfélögin en áður að því er varðar m.a. vinnslu persónuupplýsinga, að hve miklu leyti og á hvaða formi þær eru geymdar. Þá veita nýju lögin einstaklingum

meiri réttindi en eldri löggjöf auk þess sem þau innhalda sektarákvæði sem beita má ef sveitarfélög gerast sek um öryggisbrot á persónuverndarupplýsingum. Persónuvernd hefur heimild til þess að leggja sektir á sveitarfélög og geta sektarfjárhæðirnar verið allt frá 100 þúsund krónum upp í 1,2 milljarða króna í alvarlegustu tilfellum. Hér er um óþarflega íþyngjandi ákvæði að ræða gagnvart sveitarfélögunum þar sem reglugerðin leggur það í hendur aðildarríkja að ákveða hvort heimila eigi að leggja sektir á opinbera aðila og að hve miklu leyti.

Frekari breytingar á persónuverndarreglum ESB eru í farvatninu, s.s. að því er varðar notkun ópersónugreinanlegra gagna, svo brýnt er að fylgjast vel með og halda hagsmunum sveitarstjórnarstigsins á lofti.

## INNKAUPAMÁL

Þjónusta í almannapágu fellur undir innkaupareglur ESB sem ætlað er að tryggja samkeppni á EES-svæðinu. Markmið regluverksins er að auka samkeppni og nýsköpun, stuðla að því að birgjar hafi jafnan aðgang að útboðum og opinbert fjármagn sé vel nýtt. Reglurnar skylda sveitarfélög til að bjóða út vöru- og þjónustukaup og framkvæmdir sem ná tiltekinni lágmarksupphæð og kveða á um hvernig standa ber að útboðum, samningsgerð o.fl. Reglurnar snerta fyrst og fremst stærstu sveitarfélögin en reglurnar hafa í för með sér umsýslukostnað fyrir opinbera aðila og hagsmunagæsla sveitarfélaga lýtur einkum að því að ekki sé gengið of langt í skrifinnskukuröfum þannig að markmið um hagkvæmni náist ekki og að ekki sé gengið lengra en þörf krefur við innleiðingu í landsrétt. Reynslan sýnir að það er tilhneiging, við innleiðingu EES-gerða hér á landi og í fleiri löndum, að ganga lengra en texti tilskipana gerir ráð fyrir. Það er einnig reynsla sveitarfélaga víða í Evrópu, sem Reykjavíkurborg hefur sannreynt, að útboð þeirra á EES svæðinu vekja sjaldan áhuga þjónustuaðila erlendis. Þeim finnst því oft og tíðum að útboð á EES-svæðinu séu tímasóun.

## RÍKISAÐSTOÐ

Meginreglan er sú að ríkisaðstoð er bönnuð á EES-svæðinu. Ríkisaðstoð er veitt af opinberum fjármunum þ.e. ríki eða sveitarfélögum; og er til þess fallin að raska samkeppni; ívilnar ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara og hefur áhrif á viðskipti samningsaðila. Dæmi um ríkisaðstoð er t.d. byggðaaðstoð, aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna, aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, aðstoð til skipasmíðaiðnaðar og aðstoð við lokun fyrirtækja. Aðstoðin getur verið t.d. í formi beinna fjárstyrkja, hagstæðra lána, ríkisábyrgða, skattaívilnana, skuldalækkunar, niðurfellingar opinberra gjalda og sölu opinberra eigna á undirverði. Undaþágur geta fengist á tilteknum sviðum ef jákvæð áhrif ríkisaðstoðar á samfélagið vega þyngra en sú röskun á samkeppni sem af henni hlýst. Hagsmunagæsla á þessu sviði snýst einkum um að tryggja eins mikinn sveigjanleika og unnt er fyrir sveitarfélög, einföldun og að draga úr stjórnsýslubyrðum.







## SAMGÖNGUR

Almenningssamgöngur á landi eru þríþættar: fólksflutningar á milli sveitarfélaga, samkvæmt sérleyfi frá Vegagerðinni, almenningssamgöngur innan sveitarfélaga og almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, sem eru að hluta á milli sveitarfélaganna sem eiga aðild að Strætó og að hluta innan þeirra. Þar sem almenningssamgöngur eru í boði er misjafnt hvort þær eru reknar í tengslum við akstur skólabarna eða akstur með fatlaða og aldraða.

ESB hefur á undanförunum árum beitt sér í samgöngumálum til að gera samgöngukerfi umhverfisvæn, orkunýtin og örugg. Sérstaklega er fjallað um sveitarfélög sem lykilaðila til í samgöngumálum en þau geta gripið til ýmissa aðgerða til að minnka mengun og stuðla að heilnæmari, umhverfisvænni samgöngum, s.s. með innkaupastefnu, með hjólabrautum, rafbílavæðingu og með því að lækka verð almenningssamgangna. Ný ætlun ESB um umhverfisvænar samgöngur (e. Clean Mobility Package) miðar að:

- Hagkvæmari samgöngum með því að nýta stafræna tækni til fulls, með snjallverðlagningu og því að skipta mengandi fararskjótum út fyrir nýja sem losa lítil mengunarefni.
- Hraðari upptöku umhverfisvænna orkugjafa í samgöngum, t.d. með lífdísel, rafmagn, vetni, tilbúnum orkugjöfum og með því að stuðla að rafvæðingu samgangna.
- Hraðari upptöku samgöngumáta sem losa engin mengunarefni, s.s. raf- og vetnisbíla.

Meðal þess sem framkvæmdastjórn ESB hefur kynnt í þessu samhengi eru breytingar á tilskipun um að taka skuli tillit til orkunýtingar og umhverfisáhrifa við opinber innkaup á ökutækjum til vegasamgangna. Breytingar á þessari tilskipun geta haft áhrif á innkaupamál íslenskra sveitarfélaga þar sem hún er nú hluti af EES-samningnum og íslenskum rétti. ESB hefur einnig hug á að auka strandflutninga á kostnað landflutninga, sem getur haft áhrif á hafnamál sveitarfélga.

## UMHVERFISMÁL

Sveitarfélög sinna umhverfismálum á margvíslegan hátt. Þau eru ábyrg fyrir meðhöndlun úrgangs, fyrst og fremst sorphirðu og að koma úrgangi sem ekki nýtist til eyðingar. Einnig reka þau fráveitur og öflun neysluvatns og eftirlit með dreifingu og notkun er mikilvægt verkefni. Þá á heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga að stuðla að því að landsmönnum séu búin heilnæm lífsskilyrði, t.d. með vöktun loftgæða og neysluvatns.

Þorri reglna á ofangreindum sviðum á rætur að rekja til EES-samingsins og þær eru í stöðugri þróun. Hringrásarhagkerfið (Circular Economy Package), ný stefna ESB um bættu nýtingu auðlinda og aukna verðmæta- og atvinnusköpun, kveður á um breytingar á lykiltílskipunum ESB um úrgangsmeðhöndlun og -efni. Tengdar tillögur fjalla um neysluvatn, drykkjarvatn, endurnýtingu plasts, plastmengun o.fl. Innleiðing hringrásarhagkerfisins gerbreytir meðhöndlun úrgangs í framtíðinni og kallar á verulegar fjárfestingar. Innleiðing hringrásarhagkerfisins er enn fremur liður í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Nýjar reglur á þessu sviði hafa mikil áhrif á starfsemi sveitarfélaga og því fylgjast sérfræðingateymi Municipal Waste Europe og CEMR með framvindu mála og koma sjónarmiðum sveitarfélaga á framfæri við stofnanir ESB til að tryggja að breytingum fylgi ekki óþarfa skrifræði og nálægðarreglan og hagsmunir sveitarfélaga séu í heiðri höfð.

## ORKUMÁL

Orka er flokkuð með vörum hjá ESB og því gilda ákvæði ESB um frjálst vöruflæði einnig um hana. Ný Orkuáætlun ESB kveður á um breytingar á sviði orkunýtni, orkunýtni bygginga, endurnýjanlegrar orku, þróun raforkumarkaðar, orkuöryggi og reglna um stjórn „orkusambandsins“. Í áætluninni er einnig að finna ýmsar tillögur að aðgerðum til að stuðla að auknum fjárfestingum í nýsköpun, til að auka samkeppnishæfni í orkuiðnaðinum, styrkja stöðu neytenda og hugmyndir um svæðisbundin orkufélög sem mættu framleiða og flytja orku.





Orkumál heyra að verulegu leyti undir sveitarfélögin og hafa áhrif á þau á ýmsan hátt. Sum þeirra reka orkufyrirtæki, sbr. Orkuveitu Reykjavíkur og sveitarfélög bera ábyrgð á hluta almenningsgangna þar sem velja þarf eldsneyti og fararskjóta.

Sveitarfélög eiga einnig fjölda bygginga svo nýjar kröfur um orkunýtni og endurnýjun bygginga til að gera þær sparneytnari myndu skipta þau máli. Af þeim sökum beittu Evrópusamtök sveitarfélaga sér ötullega í lagasetningarvinnunni til að koma í veg fyrir að sveitarfélögum yrði skylt að endurbæta reglulega tiltekinn fermetrafjölda í byggingum sínum til að gera þær orkunýtnari, eins og upphaflegar tillögur framkvæmdastjórnar ESB kváðu á um. Slíkar kröfur hefðu haft umtalsverðan kostnað í för með sér en nauðsynlegt er að sveitarfélög hafi frelsi til að velja þær orkusparnaðarleiðir sem henta aðstæðum hverju sinni.

Ísland er með undanþágu frá gildandi tilskipunum um orkunýtni og orkunýtni bygginga þar sem nær öll orkunotkun er frá hreinum og endurnýjanlegum orkugjöfum. Brýnt er að tryggja áframhaldandi undanþágur.

## LOFTSLAGSMÁL

Helstu gerðir ESB í loftslagsmálum eru nú í endurskoðun, m.a. til að taka mið af ákvæðum Parísarsamningsins. Ísland tekur á sig sameiginlegar skuldbindingar með ESB á öðru tímabili Kýótóbókunarinnar (2013–2020) og stefnt er að svipuðu fyrirkomulagi eftir 2020. Þetta er talið hagfelld þar sem hluti af skuldbindingum Íslands er nú þegar inni í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) og erfitt væri að búa við tvöfalt kerfi.

Sveitarfélög hafa víða á forræði sínu samgöngur, skipulagsmál, orkuframleiðslu og -dreifingu, vatnsveitur, úrgangsmál og upplýsingatækniinnviði m.a. og aðgerðir þeirra skipta því sköpum til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og til að bregðast við loftslagsbreytingum.

Hagsmunagæsla á þessu sviði hefur einkum lotið að kröfum um að sveitarstjórnarstigið fái formlega aðkomu að lofslagssamningnum og mótun landsáætlana í loftslagsmálum, það fái aukið fé til að bregðast við lofslagbreytingum og að samráð sé tryggt við alla stefnumótun og framkvæmd loftslagsstefnu.

## JAFNRÉTTISMÁL

Sveitarfélög skipta sköpum í baráttunni fyrir samfélagi þar sem allir hafa jöfn tækifæri og jafnan rétt. Sveitarfélögum ber að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar á öllum stigum ákvarðanatöku og samþætta þau inn í alla starfsemi, eins og jafnréttislög gera ráð fyrir.

Sveitarfélög eru það stjórnsýslustig sem stendur næst fólki og þau bera ábyrgð á verkefnum sem snerta daglegt líf íbúanna frá vöggju til grafar. Þau gegna mikilvægu lýðræðishlutverki og veita íbúum grundvallar velferðarþjónustu og menntun, auk þess að vera stórir vinnuveitendur. Með jafnréttisstarfi er unnið að mannréttindum en jafnréttisstarf er líka hagkvæmt; það snýst um gæðastjórnun og jákvæða byggðapróun. Það er ávinningur fyrir rekstur sveitarfélaga að karlar og konur hafi tækifæri til að þróa og nýta hæfileika sína til fullnustu og leggja þannig sem mest til samfélagsins. Á meðan ekki ríkir raunverulegt jafnrétti fer samfélagið á mis við mannauð sem það gæti ella notið góðs af. Jafnréttisstarf á vegum sveitarfélaga er líka tækifæri til aukinnar gæðastjórnunar vegna þess að með því að byggja á kyngreindum upplýsingum þá verða ákvarðanir sveitarfélagsins markvissari og starfsemin skilvirkari.

Kynjajafnréttislöggjöf á Íslandi er að mestu til komin fyrir tilstilli EES-samningsins; jafnréttisregluverk ESB fellur undir hann og breytingar á því hafa áhrif á Íslandi. Þar sem meginreglan um bann við mismunun er grundvallarregla í ESB-rétti þá vinnur sambandið stöðugt að málflokknum og ýmsar breytingar eru í farvatninu t.d. á reglum um foreldra-, fæðingar- og umönnunarorlof.

Á vettvangi Evrópusamtaka sveitarfélaga starfar sérstök jafnréttisnefnd sem fylgist með helstu málum á döfinni og stundar hagsmunagæslu. Hún er einnig samstarfsvettvangur þar sem Evrópuverkefnum á sviði kynjajafnréttis er komið á koppinn og hún vinnur að framgangi Evrópusáttmála sveitarfélaga um jafnrétti kynjanna frá 2005. Nokkur íslensk sveitarfélög eru aðilar að sáttmálanum en æskilegt væri að fleiri undirrituðu hann. Jafnréttisstofa aðstoðar við innleiðinguna og CEMR heldur úti afar fróðlegu vefsetri um sáttmálann.





## MÁLEFNI FLÓTTAFÓLKIS

Um 68 milljónir manna eru á vergangi í heiminum vegna vopnaðra átaka, ofsókna og náttúruhamfara. Um 2 milljónir teljast flóttamenn.

Sveitarfélög hafa lykilhlutverki að gegna við móttöku flóttafólks og hælisleitenda og því er brýnt að þau móti sér stefnu um móttöku og aðlögun þeirra og fái stuðning til aðgerða, s.s. til að hægt sé að útvega fólki húsnæði, veita félagslega aðstoð, tungumálakennslu, og aðstoða fólk í atvinnuleit. Ljóst er margir flóttamenn þurfa á sérhæfðum stuðningi að halda, auk almennrar félagsþjónustu, til að takast á við andleg og líkamleg áföll og til að læra að búa í nýju menningarumhverfi. Ef kastað er til hendinni er hætta á að fólk nái ekki að verða virkir þátttakendur í samfélaginu, það verði félagslega einangrað og festist í fátæktargildru. Víða í Evrópu hefur sveitarfélögum reynst erfitt að uppfylla skyldur sínar gagnvart flóttafólki og hælisleitendum vegna ónógs fjárstuðnings frá ríkinu og skorts á sérþekkingu og reynslu.

Ljóst er að gildandi regluverk og framkvæmd ESB virkar ekki til að bregðast á fullnægjandi

hátt við auknum flóttamannastraumi til Evrópu undanfarin ár. Meðal þess sem er í pípunum eru því breytingar á Dyflinnar-reglugerðinni til að efla kerfið, deila ábyrgð á móttöku hælisleitenda niður á aðildarríkin og koma í veg fyrir „country shopping“. Kærum munu fresta brottflutningi og ríki eiga sektir á hættu ef þau heiglast við að taka við fólki frá löndum innan álfunnar sem ekki ráða við móttöku fleira fólks. Málið er afar umdeilt en nokkur lönd vilja alls ekki deila ábyrgð á móttöku flóttafólks og eru andvíg lögbundnum móttökuvótum.

Hælistímál falla utan við EES-samninginn en Ísland er aðili að Dyflinnar-reglugerðinni sem kveður m.a. á um að ábyrgð á hælisleitanda hvíli á því ríki þar sem viðkomandi hefur komið fyrst inn í sambandið eða þar sem sótt hefur verið fyrst um hæli. Stór hluti hælisumsókna á Íslandi fellur undir reglugerðina og breytingar á henni ágætu haft áhrif á meðferð hælisumsókna á Íslandi og þarf af leiðandi á fjölda hælisleitanda og flóttafólks í landinu.

# HAGSMUNA- GÆSLA Í BRUSSEL



## HÚS SVEITARFÉLAGANNA

*Brussel-skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga er í Húsi sveitarfélaganna á 1 Square de Meeus, spölkorn frá Evrópuþinginu. Þar eru einnig til húsa helstu hagsmunagæslusamtök sveitartjónarstígsins, Evrópusamtök sveitarfélagasambanda (CEMR) og skrifstofur sveitarfélagasambanda allra Norðurlandanna, Eystrasaltsríkjanna, Breta, Skota, Grikkja og Hollendinga o.fl. Eurocities og fleiri hagsmunasamtök tengd sveitarstjórnarstíginu eru einnig í húsinu en skrifstofa sambandsins starfar náið með þessum aðilum.*



## BRUSSEL-SKRIFSTOFA SAMBANDSINS

Þróun á vettvangi ESB hefur áhrif á íslensk sveitarfélög og því er mikilvægt að stunda virka hagsmunagæslu gagnvart ESB. Þróunar- og alþjóðasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga starfar að hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög en haustið 2006 tók til starfa skrifstofa sambandsins í Brussel sem heyrir undir sviðið. Starfsemin er styrkt af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Skrifstofan annast hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög gagnvart EES-samningnum og aðstoðar sveitarfélög og landshlutasamtök við að nýta sér tækifæri í evrópskum samstarfsáætlunum.

Brýnt er að fylgjast með undirbúningi stefnumótunar, löggjafar og annarra ákvarðana ESB sem geta haft áhrif á íslensk sveitarfélög og koma sjónarmiðum á framfæri eins snemma og mögulegt er í ákvörðunarferli mála. Einnig er nauðsynlegt að sveitarstjórnarmenn og sérfræðingar sveitarfélaga viti hvað er í farvatninu þegar þeir taka mikilvægar ákvarðanir sem varða íbúana. Sambandið vinnur að hagsmunagæslu í nánu samstarfi

við Evrópusamtök sveitarfélaga, CEMR en sérfræðingar sambandsins og sveitarfélaga og forstöðumaður Brussel-skrifstofu taka þátt í starfi sérfræðingahópa samtakanna þar sem samin eru álit um helstu mál á döfnni og stilltir saman strengir í hagsmunagæslu gagnvart stofnunum ESB. Íslenskir sveitarstjórnarmenn sitja jafnframt í stefnumótunarnefnd samtakanna þar sem lagðar eru línurnar um helstu mál á döfnni.


Brussel-skrifstofa starfar náið með norrænum og mið-evrópskum systurskrifstofum, svæðaskrifstofum og fleiri hagsmunasamtökum s.s. Municipal Waste Europe, þar sem sambandið á fulltrúa í stjórn. Einnig er samstarf náið við fastanefnd Íslands og EFTA-skrifstofuna en forstöðumaður Brussel-skrifstofu skipuleggur fundi Sveitarstjórnarvettvangs EFTA og situr Brussel-fundi Ráðgjafarnefndar EFTA og fundi ESB ráðgjafarnefndar aðila vinnumarkaðarins á sveitarstjórnar- og svæðastigi.

# 2010

## ÍSLENDINGAR OG NORÐMENN SETJA VETTIVANG Á FÓT



Við gerð EES-samningsins var ekki ljóst hversu mikil áhrif hann myndi hafa á sveitarfélög. Síðar kom í ljós að þorri löggjafar sem innleidd er í gegnum samninginn hefur áhrif á sveitarfélög og því nauðsynlegt að tryggja sveitarstjórnarstiginu aðkomu að EES-samstarfinu.



# 14

## KJÖRNIR FULLTRÚAR

Ísland og Noregur skipa sex fulltrúa um sig og tveir svissneskir áheyrnarfulltrúar eiga sæti í vettvangnum. Fulltrúar Íslands eru formenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, borgarstjóri og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Norðmenn og Íslendingar skiptast á að gegna formennsku.

## SVEITARSTJÓRNAR- VETTIVANGUR EFTA

Meginmarkmið að tryggja að sjónarmið sveitarstjórnarstigsins séu í heiðri höfð í EES-samstarfinu, stuðla að auknu samstarfi á sveitarstjórnarstigi milli þátttökulanda og efla tengsl við Svæðanefnd ESB.



# 2

## FUNDIR Á ÁRI

Vettvangurinn fundar tvisvar á ári. Vorfundurinn er venjulega haldinn í formennskulandinu, þ.e. á Íslandi eða í Noregi, en haustfundurinn í Brussel og þá er gjarnan reynt að funda með þingmannanefnd EFTA eða fulltrúum Svæðanefndarinnar.



## 30+ ÁLYKTANIR




Vettvangurinn fjallar um helstu mál á döfinni hjá ESB og EFTA hverju sinni og hefur ályktað um á fjórða tug mála. Viðfangsefnin eru afar fjölbreytileg m.a. orku-, umhverfis-, lofslags- og úrgangsmál, jafnvægi vinnu og einkalífs, aðlögun innflytjenda, innkaupamál, persónuverndarmál, ERASMUS fyrir kjörna fulltrúa, hafnamál og persónuvernd.



## SVÆÐANEFND ESB SVEITAR- OG SVÆÐASTJÓRNARMENN

Svæðanefnd ESB er vettvangur kjörinna fulltrúa á svæða- og sveitartjórnarstigi. Í nefndinni sitja um 350 fulltrúar og fjalla um lagafrumvörp og stefnumótun sem varða sveitarstjórnarstigið. Nefndin gefur m.a. umsagnir um lagafrumvörp sem snerta sveitarstjórnarstigið, s.s. tillögur á sviði umhverfismála, menntamála, byggðamála og samgöngumála. Nefndin getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði.

## 50+ SÉRFRÆÐINGAR



Fjallað er um tvö til fimm mál hverju sinni en vettvangurinn hefur fengið á sinn fund meira en 50 sérfræðinga til að varpa ljósi á viðfangsefnin og ræða málín. Fulltrúar eða skýrslugjafar Svæðanefndar ESB (f. rapporteur) sitja alla jafna fundi vettvangsins.

# ESB OG EES

Markmið EES-samningsins er að auka viðskipti og efnahagstengsl ríkja og efnahagslega og félagslega velsæld íbúanna. Samningurinn felur í sér frjáls þjónustuviðskipti, fjármagnsviðskipti og viðskipti með iðnvaming og jafnframt frjálsan atvinnu- og búseturétt alls staðar á svæðinu; hið sk. fjórfrelsi. Jafnframt er kveðið á um samvinnu í félags-, neytenda- jafnréttis-, mennta- og umhverfismálum og rannsóknum og þróun.

## HVAÐ FELST Í EES-SAMNINGNUM?

Með aðild að EES-samningnum samþykktu stjórnvöld að taka upp í íslenskan rétt þorra viðskiptareglna sem gilda á evrópskum mörkuðum. Í samningnum felast því ekki aðeins frjáls viðskipti og sameiginleg réttindi heldur einnig að vissu marki sameiginlegar reglur á ýmsum sviðum til að tryggja sanngjarna samkeppni í viðskiptum, neytendavernd, umhverfisvernd, félagsleg réttindi og svo framvegis. Fjöldi þessara reglna hefur bein áhrif á íslensk sveitarfélög og því er virk hagsmunagæsla á fyrstu stigum brýn.

EES-samningurinn hefur stuðlað að auknum stöðugleika, frjálsræði og nútímavæðingu stjórnunarháttanna á Íslandi. Aðgangur að mörkuðum ESB er tryggður, og þátttaka í samstarfsáætlunum svo sem á sviði vísinda, opg menntamála, hefur skilað umtalsverðu fjármagni og þekkingu inn í íslenskt þjóðfélag. Á mótí kemur að á síðari árum hefur frumkvæði og lokaákvörðun um innleiðingu löggjafar á æ fleiri sviðum færst á Evrópuvettvanginn, úr höndum lýðræðislega kjörinna fulltrúa.





## EKKI ER RÁÐ NEMA Í TÍMA SÉ TEKIÐ!

*Hagsmunagæsla gagnvart ESB verður að eiga sér stað á fyrstu stigum máls. Eftir að löggjöf hefur verið samþykkt og komið er að því að taka hana upp í EES-samninginn þá er afar erfitt að fá undanþágur fyrir einstök ríki vegna séraðstæðna.*

## ÁKVARÐANATAKA Á VETTVANGI ESB

Evrópusambandið byggir á sáttmálum sem aðildarríkin samþykkja þar sem sett eru fram markmið ESB, reglur um starfsemi stofnana þess, hvernig ákvarðanir eru teknar og skýrt hvert sambandið er á milli ESB og aðildarríkjanna. Ýmsar stofnanir taka þátt í ákvarðanatökumferli ESB: **Evrópuþingið:** Fulltrúar kjörnir beint af borgurum ESB; **Leiðtogaráðið:** Forsetar og/eða forsætisráðherrar; **Ráðherraráðið:** Fulltrúar ríkisstjórna; og **Framkvæmdastjórnin:** Í forsvari fyrir hagsmuni ESB. **Svæðanefndin:** Kjörnir fulltrúar sveitar- og svæðastjórna, umsagnir um lagafrumvörp og stefnumótun.

Leiðtogaráðið setur pólitíska stefnu sambandsins og forgangsmál en gegnir ekki beinu hlutverki við lagasetningu. Oftast leggur framkvæmdastjórnin fram frumvarp að nýrri löggjöf sem samþykkt af Evrópuþinginu og ráðherraráðinu. Lögunum er svo framfylgt af aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

**Reglugerðir** (e. regulation) hafa bein og bindandi áhrif í öllum aðildarríkjunum. Þær

þarf ekki að innleiða sérstaklega í landsrétt þó stundum þurfi að breyta innlendri löggjöf til að koma í veg fyrir ósamræmi.

**Tilskipanir** (e. directive) eru bindandi en þarf yfirleitt að innleiða í landsrétt til að þær öðlist gildi. Tilskipanirnar útlista ákveðin markmið en það er í höndum ríkjanna sjálfra að ákveða með hvaða hætti þeim er náð

**Ákvörðun** (e. decision) gildir í einstökum málum og er bindandi fyrir þá sem hún nær til, hvort sem það er aðildarríki, hópar fólks eða einstaklingar.

**Tilmæli** (e. recommendation) og álit (e. opinion) eru ekki bindandi.

Löggjafarferlinu má skipta í þrjú stig: Forstig (e. pre-pipeline acquis), vinnslustig (e. pipeline acquis) og samþykktar gerðir (e. adopted acquis) en hagsmunagæsla er brýn á for- og vinnslustigi. Eftir að gerð er samþykkt þurfa EFTA-ríkin að meta hvort hún á heima í EES-samningnum. Ákvörðun um hvort hún verður hluti af samningnum er tekin á fundum sameiginlegu EES-nefndarinnar.

# EES OG ÍSLENSKUR RÉTTUR



## TVEGGJA STOÐA KERFI EES

Talað er um tveggja stoða kerfi EES-samningsins vegna þess að EFTA-ríkin settu á fót stofnanir sem gegna sama hlutverki, a.m.k. að hluta, og stofnanir í ESB, s.s. ráðið, dómstóllinn og framkvæmdastjórnin. Þessar EFTA-stofnanir eru fastanefnd EFTA, EFTA-dómstóllinn og eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Einnig var stofnaður sameiginlegur vettvangur þar sem samningsaðilar frá hvorri stoðinni um sig mætast til að taka ákvarðanir um EES-samninginn: EES-ráðið, sameiginlega EES-nefndin og sameiginlegar undirnefndir.

Á grundvelli EES-samningsins starfa einnig þingmannanefnd og ráðgjafanefnd aðila vinnu- markaðarins svo og sveitarstjórnarvettvangur EFTA.



## STOFNANIR EFTA OG EES-SAMNINGURINN

Fastanefnd EFTA skipa sendiherrar EES EFTA-ríkjanna, þ.e. Íslands, Liechtensteins og Noregs. Hún samræmir afstöðu ríkjanna gagnvart ESB fyrir fundi í sameiginlegu EES-nefndinni. Fimm undirnefndir og fjöldi vinnuhópa eru nefndinni til aðstoðar.

EFTA-skrifstofan í Brussel aðstoðar ríkin við að undirbúa mál til umfjöllunar í vinnuhópum og nefndum sem eru fastanefndinni og sameiginlegu EES-nefndinni til aðstoðar.

Eftirlitsstofnun EFTA fylgist með því að skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum séu efndar og að aðgerðir á sviði samkeppni séu lögmætar. Eftirlitið snýr bæði að innleiðingu í landsrétt og hvernig reglunum er framfylgt.

EFTA-dómstóllinn fjallar um *kærumál* ESA á hendur einu eða fleiri EFTA-ríkjum; *lausn deilumála* milli eins eða fleiri EFTA-ríkja; *mál til ógildingar á ákvörðun* ESA og hann gefur *ráðgefandi* álit um túlkun réttarreglna sem stafa frá EES-samningnum.

Sameiginlega EES-nefndin er helsti samstarfsvettvangur EES EFTA-ríkjanna og ESB en aðalviðfangsefnið er ákvarðanatáka um upp-

töku ESB-gerða í EES-samninginn.

EES-ráðið er pólitískur armur EES-samningsins. Það leggur línurnar fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Fulltrúar eru úr ráði ESB og framkvæmdastjórninni og utanríkisráðherrum EES EFTA-ríkjanna.

Sameiginlegu EES-þingmannanefndina skipa þingmenn Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-ríkjanna. Hlutverkið er að stuðla að auknum skilningi á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Samsvarandi þingmannanefnd EFTA hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart EFTA-ríkjunum og er vettvangur fyrir þingmenn EFTA-ríkjanna til að undirbúa fundi þingmannanefndar EES.

Ráðgjafarnefnd EES vettvangur aðila vinnu- markaðar ESB og EFTA-ríkjanna. Samsvarandi ráðgjafarnefnd EFTA hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart EFTA-ríkjunum og undirbýr fundi EES ráðgjafarnefndarinnar. Sambandið á áheyrnar- aðild að nefndinni.

Loks ber að nefna Sveitarstjórnarvettvang EFTA, þar sem kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnar- og svæðastigi koma saman. Sjá nánar hér að framan.

## SVEITARFÉLÖG ERU LYKILADILAR Í EVRÓPUSAMSTARFI

Íslensk sveitarfélög hafa tekið þátt í fjölda samstarfsverkefna styrktum af ESB og Uppbyggingarsjóði EES. RANNÍS hefur umsjón með þorra sjóðanna og veitir upplýsingar um samstarfstækifæri. Byggðastofnun hefur umsjón með Norðurslóðaáætluninni og Orkustofnun með orkutengdum verkefnum. Mannréttindaskrifstofa Íslands annast félagasamtakasamstarf í gegnum Uppbyggingarsjóð EES.

---

# EVROPSKIR SAMSTARFSJÓÐIR

# EVROÞPUSAMSTARF



*Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB hefur verið umfangsmikil frá 1995. Árangur af sókn íslenskra aðila í evrópskarsamkeppnisáætlanir hefur verið góður í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir. Fjárhagslegur ávinningur af þátttökunni er mun meiri en það sem lagt er til; fyrir hverja evru sem lögð er til koma rúmlega tvær til baka. Um 200 milljónir evra hafa fengist í íslensk verkefni frá árinu 2000.*

## TÆKIFÆRI FYRIR ÍSLENSK SVEITARFÉLÖG

Á vegum Evrópusambandsins eru reknar viðamiklar samstarfsáætlanir sem miða að því að auka félagslegan og efnahagslegan jöfnuð innan aðildarlandanna og styðja við framþróun og hagvöxt. Samstarfsáætlanirnar ganga jafnan út á að styrkja opinbera aðila og stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga í mismunandi löndum til að eiga í nánum samskiptum á fjölbreyttum sviðum. Á næsta styrkjatímabili, 2021-2027, verður enn áhersla á verkefni tengd rannsóknum, nýsköpun og fjárfestingum en innflytjendamál, landamæravarsla og öryggismál fá aukið vægi miðað við fyrri tímabil, á kostnað landbúnaðar- og uppbyggingarsjóða sambandsins. Breytt fyrirkomulag mun mögulega veita íslenskum aðilum aðgang að nýjum sjóðum.

Í gegnum EES-samninginn öðlast íslensk sveitarfélög aðgang að mörgum þessara áætlana. Sveitarfélög hafa einkum verið virk í mennta- og menningaráætlunum sambandsins og Horizon2020; rannsókn- og nýsköpunaráætluninni. Nokkur verkefni hafa einnig verið styrkt af Rights, Equality and Citizenship; mannréttinda-, jafnréttis og borgararéttindaáætluninni og vinnu- og félagsmálasjóðnum. Ísland tekur einnig þátt í Kóperníkus-áætluninni, Neytendaáætluninni, Norðurslóðaáætluninni, Innviðaáætluninni, COSME - áætlun til að efla samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja, Áætlun um hagskýrslugerð, Almannavarnaáætluninni og Heilbrigðismálaáætluninni.

# 11 580 €

## HAFNARFJARÐARBÆR



Árið 2017 hlaut Hafnarfjarðarbær styrk úr ERASMUS+ sjóðnum fyrir hönd allra grunnskóla bæjarins til að senda starfsfólk bókasafna skólanna á námskeið erlendis.

## SÓKNARFÆRI FYRIR SVEITARFÉLÖG

Íslensk sveitarfélög geta sótt um styrki í flesta samstarfssjóði ESB. Fjöldi áhugaverðra verkefna hefur komist á koppinn fyrir tilstilli Evrópusjóðanna en í þeim felast enn ónýtt tækifæri til fjármögnunar þróunarverkefna og samstarfs s.s. í tengslum við snjallsveitarfélög, aðlögun innflytjenda, og ferðapjónustu, svo fátt eitt sé nefnt!



# 200 000 €

## NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Náttúrustofa Vestfjarða tók þátt í verkefni sem miðaði að því að virkja sjálfbærni í sögutengdum rannsóknum og/eða fornleifafræði: uppgrefti, minjavernd og endurbuyggingu og/eða endurreisn heilagra og blessaðra brunna. EVEHD-verkefnið (Engaging Volunteers in European Heritage Discovery) var samstarfsverkefni sex Evrópuþjóða: Íslands, Þýskalands, Slóvakíu, Tyrklands, Rúmeníu og Englands. Verkefnið var styrkt af Menningaráætlun ESB.



# 139 254 €

## AKUREYRARBÆR

Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands tóku þátt í samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Noregs og Færeyja, *OLEII, Our life as elderly - Implementation*, um öldrunarþjónustu, sem styrkt var af Norðurslóðaáætlun ESB.



51 165 €

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á  
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fengu árið 2017 styrk úr Erasmus+ sjóðnum til verkefnis sem ber yfirskriftina *Stuðningur til að efla læsi og aðlögun fjöl-/tvítyngdra í grunnskólum* og miðar að því að efla samstarf sveitarfélaganna varðandi móttöku flóttafólks



85 871 €

## BORGARBYGGÐ

Borgarbyggð hlaut styrk til sagnfræðilegs rannsóknarverkefnis *Sögur og samfélög* um sagnaritun og sagnagerð fyrri tíma og hvernig umhverfið mótaði og var mótað af sagnagerð. Samstarfsaðilar voru frá Þýskalandi og Eistlandi. Ennfremur tóku Safnahús Borgarfjarðar, Snorrastofa í Reykholti og Reykjavíkurakademían þátt í verkefninu sem var styrkt af Menningaráætlun ESB.

21 605 €

GRUNNSKÓLINN Í  
BREIÐDALSHREPPI

Grunnskólinn í Breiðdalshreppi fékk styrk til verkefnisins *Flying with the wings of mythology through time and space* sem fjallar um notkun goðafræði í skólastarfi. Samstarfsaðilar voru frá Grikklandi, Ítalíu, Finnlandi, Spáni, Lettlandi og Póllandi. Erasmus+ styrkti verkefnið.

# UPPBYGGINGAR- SJÓÐUR EES



## TVÍÞÆTT MARKMIÐ

Uppbyggingarsjóður EES hefur tvenns konar markmið; annars vegar að draga úr efnahagslegum og félagslegum ójöfnuði í löndunum sem mynda evrópska efnahagssvæðið og hins vegar að stuðla að tvíhliða samskiptum milli viðtökuríkjanna fimmtán og EFTA-ríkjanna þriggja í EES sem inna af hendi fjárframlögin. Fjöldi íslenskra aðila hefur komið að einstökum verkefnum á vegum sjóðsins. Orkustofnun og RANNÍS gegna sérstöku hlutverki fyrir Íslands hönd í störfum hans. Samningur við ESB um nýtt styrkjatímabil 2014-2021 var undirritaður 3. maí 2016.



## ÞÁTTAKA SVEITARFÉLAGA Í UPPBYGGINGARSJÓÐSVERKEFNUM

EFTA-ríkin fjármagna í gegnum Uppbyggingarsjóðinn ýmsar umbætur og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem lakar standa í efnahagslegu tilliti, þ.e. Búlgaríu, Eistlandi, Grikklandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Möltu, Portúgal, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Króatíu, Tékklandi og Ungverjalandi.

Uppbyggingarsjóðurinn skapar tækifæri fyrir íslensk sveitarfélög og stofnanir til samstarfs í viðtökuríkjunum og til að auka samskipti milli einstaklinga á Íslandi og í þessum ríkjum. Ólíkt ESB-sjóðunum þar sem íslenskir aðilar geta sótt um fjárstyrki, þá snýst þátttaka Íslendinga í verkefnum styrktum af Uppbyggingarsjóðnum aðallega um þekkingarútflytning þar sem greitt er fyrir kostnað.

Samningur við ESB um nýtt starfstímabil sjóðsins fyrir tímabilið 2014-2021 (framkvæmdatími til 2024) kveður á um að heildarframlag EES EFTA ríkjanna fyrir tímabilið skuli nema 1.584,1 milljónum evra en Ísland stendur að jafnaði straum af um 3-4%. Viðtökuríkin gera sjálf tillögur um hvaða málaflokkum þau vilja starfa að í samstarfi við EES-/EFTA-ríkin.

Sk. Blábók markar rammann um áherslur og áætlanir sjóðsins en styrkt verða verkefni er falla undir fimm þemu sem aftur skiptast svo í 23 undirflokk. Þemun eru:

- Nýsköpun, rannsóknir, menntun og samkeppnishæfni
- Félagsleg samheldni, vinnumál ungs fólks og minnkun fátæktar
- Umhverfi, orka, hnattræn hlýnun og lágkolefnishagþróun
- Menning, borgaralegt samfélag, stjórnfesta, grunnréttindi og frelsi
- Dóms og innanríkismál

Ísland mun á tímabilinu leggja aukna áherslu á tvíhliða verkefni við móttökuríkin og verður um 2% af framlagi til sérhvers ríkis varið til slíkra verkefna. Með þessari nýbreytni gætu skapast áhugverð tækifæri fyrir íslensk sveitarfélög.

Nánari upplýsingar má nálgast á vef skrifstofu sjóðsins í Brussel <https://eeagrants.org> þar sem einnig er auglýst eftir umsóknum um þátttöku í verkefnum.



## GAGNLEGIR TENGLAR

### EFTA/EES

Heimasíða EFTA: [www.efta.int](http://www.efta.int)  
Eftirlitsstofnun EFTA: [www.eftasurv.int](http://www.eftasurv.int)  
EFTA-dómstóllinn: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)  
Uppbyggingarsjóður EFTA: [www.eeagrants.org](http://www.eeagrants.org)  
EEA-Lex, EES-réttur: [www.efta.int/eea-lex](http://www.efta.int/eea-lex)  
EES-gagnagrunnur: <https://ees-gagnagrunnur.stjornarrad.is>

### EVROPUSAMBANDIÐ

Evrópusambandið: [www.europa.eu](http://www.europa.eu)  
Leiðtogaráðið: [www.european-council.europa.eu](http://www.european-council.europa.eu)  
Ráðherraráðið: [www.consilium.europa.eu](http://www.consilium.europa.eu)  
Evrópuþingið: [www.europarl.europa.eu](http://www.europarl.europa.eu)  
Framkvæmdastjórnin: [www.ec.europa.eu](http://www.ec.europa.eu)  
Evrópudómstóllinn: [www.curia.europa.eu](http://www.curia.europa.eu)  
Svæðanefndin: [www.cor.europa.eu](http://www.cor.europa.eu)  
Sendinefnd á Íslandi: [www.eeas.europa.eu/delegations/iceland](http://www.eeas.europa.eu/delegations/iceland)  
Upplýsingaveita, Europe Direct: [www.ec.europa.eu/europedirect](http://www.ec.europa.eu/europedirect)  
Hugveita Evrópuþingsins: [www.europarl.europa.eu/at-your-service/en/stay-informed/research-and-analysis](http://www.europarl.europa.eu/at-your-service/en/stay-informed/research-and-analysis)  
EUR-Lex, Evrópuréttur: [www.eur-lex.europa.eu](http://www.eur-lex.europa.eu)  
Pre Lex, ýmislegt í pípunum hjá ESB: [www.ec.europa.eu/prelex](http://www.ec.europa.eu/prelex)  
Staða ESB-löggjafar í ákvarðanatökufæri: [www.europarl.europa.eu/legislative-train](http://www.europarl.europa.eu/legislative-train)  
EurActiv, fréttaveita um ESB: [www.euractiv.com](http://www.euractiv.com)  
Upplýsingasíða um ESB-rétt og stefnu: [www.euissuetracker.com](http://www.euissuetracker.com)  
Norsk upplýsingasíða um EES-samninginn: [www.europolov.no](http://www.europolov.no)  
Upplýsingasíða um Evrópusjóði: [www.evropusamvinna.is](http://www.evropusamvinna.is)

### HAGSMUNASAMTÖK

Evrópusamtök sveitarfélagasambanda, CEMR: [www.ccre.org](http://www.ccre.org)  
Evrópusamtök borga, Eurocities: [www.eurocities.eu](http://www.eurocities.eu)  
Evrópusamtök strandsvæða, CPMR: <https://cpmr.org>  
Samtök norræna jaðarsvæða, NSPA [www.nspa-network.eu](http://www.nspa-network.eu)  
Evrópusamtök sorpvinnslufyrirtækja: [www.municipalwasteurope.eu](http://www.municipalwasteurope.eu)  
Evrópusamtök atvinnurekenda í almannþjónustu, CEEP: [www.ceep.eu](http://www.ceep.eu)

### AÐRAR UPPLÝSINGASÍÐUR

Samband íslenskra sveitarfélaga, alþjóðamál: [www.samband.is/verkefning/althjodamal](http://www.samband.is/verkefning/althjodamal)  
Evrópuvefurinn: [www.evropuvefur.is](http://www.evropuvefur.is)  
Evrópuvefur Háskólans í Reykjavík: [www.ru.is/eui](http://www.ru.is/eui)

## HUGTÖK

## ACQUIS COMMUNAUTAIRE

Franskt hugtak sem nær yfir regluverk ESB.

## ÁKVÖRDUN ESB (E. DECISION)

Bindandi – en aðeins gagnvart þeim aðilum sem úrskurðinum er beint að, til dæmis fyrirtæki sem hefur brotið samkeppnislög.

## EES-SAMNINGURINN

Samningurinn um Evrópska efnahags-svæðið er víðamesti alþjóðasamningur sem Ísland hefur gert. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1994. Að honum standa þrjú EFTA-ríki, annars vegar, Ísland, Liechtenstein og Noregur, og aðildarríki ESB, hins vegar. Markmiðið er að stuðla eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnis-skilyrði og eftir sömu reglum til að mynda einsleitt Evrópskt efnahags-svæði. Samstarfið felur í sér frjálsa vöru- og fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga eða hið svonefnda fjórfrelsi.

## EVROPUDÓMSTÓLLINN (E. COURT OF JUSTICE OF THE EUROPEAN UNION)

Túlkur sáttmála sambandsins og löggjöf og ráðleggur dómstólum aðildarríkjanna. Getur fellt dóma í öllum þeim málum er falla undir sameiginlega löggjöf og getur kveðið dóm yfir einstaklingum, fyrirtækjum og ríkjum. Einn dómari frá hverju aðildarríki, skipaðir til 6 ára í senn. Dómstóllinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þróun samstarfsins innan ESB og hefur ekki hikað við að beita víðum lögskýringum og vísa til markmiða lagagreina fremur en orðanna hljóðan.

## EVROPUSAMTÖK SVEITARFÉLAGASAMBANDA

Samtökin eru stærstu samtök sveitarstjórnarstígsins í Evrópu, í fyrirsvari fyrir um 130.000 sveitarfélög og svæði. Aðild að þeim eiga yfir 60 landsambönd frá 42 Evrópulöndum. Samtökin vinna að framgangi hugsjóna um sameinaða Evrópu sem grundvallast á sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga og lýðræðislegum gildum. Samtökin leitast við að hafa áhrif á framtíð Evrópu með því að koma sjónarmiðum sveitarfélaga á framfæri, með því að hafa áhrif á evrópska löggjöf og stefnumótun, og með því að láta sveitarfélög og svæði skiptast á reynslu og stofna til samstarfs milli þeirra.

## EVROPUPINGIÐ

Fer með lagasetningarvald ESB ásamt ráðherraráðinu. Alls 751 þingmenn kosnir með beinni kosningu í aðildarríkjunum á fimm ára fresti. Völd þingsins fara eftir þeim málaflokkum sem eru til umræðu en flestar ákvarðanir eru teknar með svokölluðu samákvörðunarferli (e. co-decision procedure). Í slíku ferli hefur Evrópuþingið völd til jafns á við ráðherraráðið. Samþykki þingsins þarf fyrir fjárlögum ESB en Evrópuþingið hefur nýtt sér völd sín á þessu sviði til

að hafa áhrif á alla þá málaflokka sem hafa útgjöld í för með sér. Ekki er unnt að skipa fulltrúa í nýja framkvæmdastjórn né samþykkja aðildarsamning við nýtt aðildarríki án samþykkis meirihluta þingmanna. Á þinginu eru lausbundnar stjórnmalahreyfingar þar sem þingmenn frá mismunandi aðildarríkjum vinna saman. Þingið kemur reglulega saman í Strassborg og Brussel.

## FASTANEFND EFTA

Skipuð sendiherrum EES EFTA-ríkjanna, þ.e. Íslands, Liechtensteins og Noregs. Meginhlutverk að samræma afstöðu EFTA-ríkjanna innan EES gagnvart ESB fyrir fundi í sameiginlegu EES-nefndinni. Fastanefndin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Fimm undirnefndir og fjöldi vinnuhópa eru fastanefnd EFTA til aðstoðar og undirbúa þau mál sem fara til afgreiðslu hjá fastanefnd EFTA og sameiginlegu EES-nefndinni.

## FORMENNSKA ESB

Aðildarríki ESB skiptast á að gegna formennsku sambandsins hálf t. á senn.

## FRAMKVÆMDASTJÓRN ESB

Skipuð framkvæmdastjórn sem fara með framkvæmdavald ESB. Hvert aðildarríki tilnefnir einn fulltrúa sem fer með tiltekið málefna svið. Hlutverkið er tryggja virkni hins sameiginlega markaðar og vernda hagsmunum ESB inn á við, sem og gagnvart öðrum ríkjum og samtökum. Framkvæmdastjórnin setur fram tillögur að nýrri löggjöf er varðar innri markaðinn og tekur þátt í að skapa, framfylgja og hafa eftirlit með ESB-rétti og því að aðildarríkin og aðrir uppfylli þær skuldbindingar sem sáttmálar ESB mæla fyrir um. Forseti er kjörinn til fimm ára og er hann æðsti yfirmaður um 26.000 starfsmanna.

## INNRI MARKAÐURINN

Settur á fót árið 1992 til að tryggja frjálst vörufæði, frjálst fæði þjónustu og fjármagns og frjálsa för fólks um allt efnahags-svæðið í opnu samkeppnis-umhverfi á EES-svæðinu (ESB-ríkin + Ísland, Noregur og Liechtenstein).

## LEIÐTOGARÁÐIÐ (E. EUROPEAN COUNCIL)

Skipað leiðtogum aðildarríkjanna og forseta framkvæmdastjórnarinnar. Leiðtogaráðið er drifkrafturinn í hinu pólitíska samstarfi ríkjanna og útfærir pólitíska stefnu varðandi þróun sambandsins. Það hefur ekki löggjafarvald en tekur ákvarðanir í mikilvægustu pólitísku málunum og þar sem viðkomandi ráðherraráður eru ekki náð samstöðu. Aðildarríkin skiptast á að gegna formennsku í sex mánuði í senn. Kjörtímabil forseta ráðsins er tvö og hálf t. á senn.

## RÁDGJAFARNEFND EES

Ráðgjafarnefnd EFTA og Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC) mynda Ráðgjafarnefnd EES sem er vettvangur

aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um sameiginlega hagsmuni og úrlausnarefni er tengjast EES-samninginum.

## RÁDGJAFARNEFND EFTA

Samráðsvettvangur samtaka aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum, Nefndinni er ætla að vera EFTA-ríkjunum og EFTA til ráðgjafar um þau málefni sem eru á dagskrá hverju sinni. Ísland á fjóra fulltrúa í nefndinni sem koma frá ASÍ og BSRB annars vegar og Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands hins vegar. Samband Íslenskra sveitarfélaga á áheyrnaraðild.

## RÁÐHERRARÁÐIÐ

## (E. COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION)

Ráðherraráðið fer með löggjafarvald ásamt Evrópuþinginu, undirritar samninga við önnur ríki, samhæfir stefnu og aðgerðir aðildarríkjanna í mörgum málaflokkum og hefur ákveðið framkvæmdavald. Hvert aðildarríki á einn fulltrúa í ráðherraráðinu, óháð íbúafjölda. Samsetning ráðsins fer eftir málaflokkum. Landbúnaðarráðherrar funda um landbúnaðarmál, o.s.frv. Fundir eru undirbúnir af nefnd fastafulltrúa aðildarríkjanna í Brussel (f. Comité des représentants permanents, COREPER). Flest mál eru leyst á undirbúningsfundum og kalla því einungis á formlega samþykkt, en þau mál sem ekki tekst að leysa af COREPER eru tekin til umfjöllunar í ráðherraráðinu. Ráðið tekur ákvarðanir ýmist með einróma samþykki (100% atkvæða), auknum meirihluta (73,9%) eða með einföldum meirihluta (51%).

## REGLUGERÐ ESB (E. REGULATION)

Hefur almennt gildi og bein lagaáhrif án sérstakrar lögfestingar. Reglugerðir eru bindandi löggjöf sem gengur framar öðrum reglum landsréttar sem kunna að vera ósamrýmanlegar henni. Reglugerðir taka eftir atvikum bæði til ESB sjálfs, aðildarríkjanna, einstaklinga og lögaðila og geta veitt þessum aðilum réttindi eða lagt á þá skyldur.

## SAMRÁÐSNEFND

## AÐILA VINNUMARKAÐARINS

Sambandið á sæti í samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins fyrir stað- og svæðisbundin stjórnvöld (e. European Sectoral Social Dialogue Committee for Local and Regional Government). Aðild að nefndinni eiga fulltrúar Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR) og Bandalags samtaka launþega í almannathjónustu (e. European Federation of Public Service Unions (EPSU)) sem BSRB á aðild að. Nefndin kemur fram fyrir hönd aðila vinnumarkaðarins, ræðir málin, deilir fyrirmyndarverkefnum og birtir sameiginlegar ályktanir. Nefndinni er einnig ætlað að styrkja evrópskt samráð aðila vinnumarkaðarins og á landsvísi, í

sveitarfélögum og á vinnustöðum, einnig að því er varðar samráð og upplýsingar til starfsmanna.

## SVEITARSTJÓRNARVETTANGUR EFTA

Stofnaður árið 2010 til að tryggja þátttöku sveitarstjórnarmanna í EES-samstarfinu og koma á tengslum við Svæðanefnd ESB. Í honum eiga sæti allt að sex kjörnir fulltrúar á frá Íslandi og Noregi og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands.

## SVÆÐANEFNDIN

## (E. COMMITTEE OF THE REGIONS)

Skipuð fulltrúum bæjar- og svæðisstjórna. Ætlað að tryggja aðkomu svæða og sveitarstjórnarstígsins að ákvörðunartöku ESB á fyrstu stigum. Nefndin veitir m.a. umsagnir um lagafrumvörp sem snerta sveitarstjórnarstigið. Nefndin getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði. Hittist fullskípuð (350 fulltrúar) fimm til sex sinnum á ári en auk þess starfa sex fastar undirnefndir sem hittast jafn oft. Hinar hefðbundnu evrópsku hreyfingar starfa innan nefndarinnar: European People's Party (EPP), Party of European Socialists (PES), Group of the Alliance of Liberals and Democrats for Europe (ALDE) and Union for Europe of the Nations - European Alliance (UEN-EA).

## TILMÆLI OG ÁLIT ESB

## (E. RECOMMENDATION/OPINION)

Geta beinst að aðildarríkjum, einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum ESB og er ætlað að hafa áhrif á hegðun þeirra, án þess þó að vera bindandi. Þau varpa ljósi á viðhorf stofnana ESB hvað varðar skýringu og framkvæmd löggjafar sambandsins og ríkjum ber að taka tillit til þeirra þegar þau skipta máli fyrir túlkun landsréttar.

## TILSKIPUN ESB (E. DIRECTIVE)

Beint að aðildarríkjunum og er bindandi fyrir þann sem hún beinist að. Krefst sérstakra framkvæmdaráðstafana innan tiltekens frests. Aðildarríki hafa frelsi um form og leiðir til þess að ná markmiðum tilskipunarinnar. Þau bera skaðabótaábyrgð ef tilskipun er ekki innleidd eða ef innleiðing hennar er ófullnægjandi.

## UPPBYGGINGARSJÓÐUR EFTA

Komið á fót árið 1994 sem framlagi aðila að EES-samningnum til að auka samleitni í Evrópu, þ.e. til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Markmiðið er að jafna samkeppnisstöðu aðildarríkja með því að draga úr efnahagslegri og félagslegri misskiptingu innan EES. Sjóðurinn hefur 2,8 milljarða evra til umræða 2014-2021.

## TIL MINNIS:



# Brussel-skrifstofa Sambands Íslenskra sveitarfélaga

---

1 Square de Meeus

1000 Brussel

Sími: 515 4920 / +32 221 38 211

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2008/12